

Hafnarfjarðarbær  
b/t Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur bæjarstjóra  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 7. maí 2014.

## Efni: Umsókn Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi vegna Suðurnesjalínu 2.

Landsnet hf., kt. 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, óskar með bréfi þessu eftir að fá útgefið framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar fyrir Suðurnesjalínu 2, 220 kV háspennulínu.

### 1. Umsókn um framkvæmdaleyfi

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, sbr. og 6. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012, fyrir framkvæmdinni Suðurnesjalína 2, 220 kV háspennulína. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og er álit Skipulagsstofnunar fyrirbyggjandi. Sótt er um framkvæmdina á grundvelli aðalskipulags Hafnarfjarðarbæjar fyrir árin 2005-2025, þar sem gert ráð fyrir háspennulínunum, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012. Í aðalskipulagi nágrannasveitarfélaganna Sveitarfélagsins Voga, Reykjanesbæjar og Grindavíkur er einnig gert ráð fyrir framkvæmdinni.


Meðfylgjandi eru í tveimur eintökum gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknarinnar, sbr. sérstaklega 2. og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012. Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis, dags. apríl 2014, sem er aðalþáttur gagnanna, er tekin saman af verkfræðistofunni EFLU f.h. Landsnets hf. Er vísað til hennar um frekari skýringar og lýsingar á framkvæmdinni. Lýsingin er þannig hluti þessarar umsóknar Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi.

### 2. Um framkvæmdaraðila, framkvæmdina og mat á umhverfisáhrifum hennar

Samkvæmt 2. gr. laga um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004, hefur fyrirtækið það hlutverk að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003. Landsnet hf. ber ábyrgð á rekstri og kerfisstjórnun raforkukerfisins á Íslandi, sbr. sérstaklega 8. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki og skal það byggja upp flutningskerfi raforku á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku, sbr. sérstaklega 9. gr. laganna.

Árið 2005 hóf Landsnet hf. undirbúning að verkefninu Suðvesturlínur. Verkefnið tekur til meginflutningskerfis raforku frá Helliheiði að Geithálsi og Hafnarfirði og áfram út á Reykjanes. Framkvæmdin varðar 12 sveitarfélög og stóran hluta íbúa landsins. Markmið framkvæmdarinnar er að byggja upp raforkuflutningskerfið á Suðvesturlandi til framtíðar, svo það geti mætt áformum um orkuflutning á svæðinu, jafnt til atvinnustarfsemi og almannanota.

1

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	8.5.2014
Málsnr:	1405118
Bréfal:	652.2



Skipulagsstofnun féllst á tillögu Landsnets hf. í mars 2009. Endanleg matskýrsla var send Skipulagsstofnun, hinn 10. ágúst 2009. Stofnunin féllst svo á mat Landsnets hf. á umhverfisáhrifum með útgáfu álits, sem gefið var út 17. september 2009, með skilyrðum. Hinn 28. janúar 2010 staðfesti umhverfisráðherra endanlega, að undangengnu kærufertli, að ekki skyldi fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar Suðvesturlínur, styrkingu raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi, og öðrum framkvæmdum sem henni eru háðar og/eða eru á sama svæði. Lauk þar með matsferlinu.

Fyrri hluta árs 2011 hófst undirbúningur að sjálfri framkvæmdinni. Ákveðið var að byrja á styrkingu raforkuflutningskerfisins á Suðurnesjum þar sem þörfin er brýnust, frá Hafnarfirði í Reykjanesbæ. Suðurnesjalína 1, frá Hamranesi í Hafnarfirði og að tengivirkjun á Fitjum, er hluti hins miðlæga flutningskerfis Landsnets. Að þessum tengivirkjum tengjast svo notendur og dreifiveitur. Þetta er veikur hluti flutningskerfisins, bæði m.t.t. flutningsgetu og afhendingaröryggis.

Suðurnesjalína 1, sem nú þjónar svæðinu og rekin er á 132 kV spennu, er fulllestuð í dag. Jafnframt er öryggi kerfisins ófullnægjandi eins og málum er nú háttað, því einungis er um að ræða þessa einu tengingu frá Reykjaneskaganum við 220 kV meginflutningskerfi Landsnets í Hamranesi við Hafnarfjörð. Svæðið er ekki tengt með svokallaðri N-1 tengingu en það er ástand sem Landsnet telur óviðunandi þegar um svo stór byggðarlög er að ræða sem eru á Reykjaneskaganum. Þar er jafnframt aðal millilandaflugvöllur landsins. Það hefur stundum valdið vandkvæðum og straumleysi á svæðinu þegar Suðurnesjalína 1 hefur farið úr rekstri vegna viðhalds eða truflana. Þá myndast aðstæður þar sem kerfið á Suðurnesjum einangrast frá hinu miðlæga kerfi og um eyjarekstur verður að ræða. Slíkt getur t.a.m. orsakað það að allar jarðvarmavirkjanir á svæðinu leysa út, þ.e.a.s. rofni frá raforkukerfinu. Vegna eyjareksturs, þar sem einungis eru jarðvarmavirkjanir, er erfitt að tíðnistýra kerfinu. Rekstur þess verður óstöðugur, sem leiðir til endurtekinna útleysinga virkjana með tilheyrandi rafmagnsleysi. Því er aðkallandi fyrir bæði samfélagið í heild og atvinnustarfsemi á Reykjanesi að flutningskerfi raforku á svæðinu verði styrkt og það þolir ekki frekari bið. Hér er því um að ræða nauðsynlega framkvæmd í almanna þágu.

Þá er verulegt rekstraröryggi fólgið í því fyrir raforkukerfi svæðisins að hafa tvær háspennulínur á þessari leið, í stað einnar eins og nú er. Til að byrja með verður aðeins reist ein 220 kV háspennulína meðfram núverandi 132 kV línu. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að eldri línan verði rífin og ný 220 kV háspennulína byggð í hennar stað, eins og kynnt var í verkefninu Suðvesturlínur.

Fyrirhuguð háspennulína, sem til stendur að reisa milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar, hefur verið nefnd Suðurnesjalína 2. Í framkvæmdinni felst að reisa nýja 220 kV háspennulínu milli tengivirkis við Hamranes í Hafnarfirði og tengivirkis við Rauðamel norðan Svartsengis.

Innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarbæjar er næst Hrauntungum farið um óraskað svæði en innan byggðarinnar í Hafnarfirði hefur landi verið raskað. Það svæði er að mestu óbyggt í dag en áætlað er að svæðið byggist upp á skipulagstímabilinu. Svæðið ofan byggðar einkennist af hraunum. Þaðan liggur línan ofan fyrirhugaðrar byggðar, um úfin og óróskuð hraun nær alla leiðina, að línustæði Suðurnesjalínu 1 við sveitarfélagamörk Hafnarfjarðar og Voga.

### **3. Um aðra leyfisveitendur, samninga við réttihafa og eignarnám**

Með ákvörðun Orkustofnunar, dags. 5. desember 2013, var Landsneti hf. veitt leyfi til að reisa og reka flutningsvirkið Suðurnesjalínu 2, í samræmi við 2. mgr. 9. gr. raforkulaga.



Öllum landeigendum á línuleiðinni voru send kynningarbréf í apríl 2011, þar sem vakin var athygli þeirra á undirbúningi framkvæmda. Fyrstu samningafundir fóru fram með eigendum einstakra jarða í júní 2011. Síðan þá hafa margir samningafundir verið haldnir og mikil samskipti átt sér stað milli landeigenda og Landsnets hf.

Landsnet hf. hefur með samningum við landeigendur umráð alls þess landsvæðis sem háspennulínan á að liggja um í landi Hafnarfjarðarbæjar. En sökum ágreinings um fjárhæð eignarnámsbóta einvörðungu fékk Landsnet hf. með eignarnámsheimildum, dags. 24. febrúar 2014, heimild til eignarnáms þeirra réttinda sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdarinnar í landi Óttarsstaða og Skógræktar ríkisins. Bætur verða ákvarðaðar af matsnefnd eignarnámsbóta á grundvelli laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

#### 4. Niðurlag

Landsneti hf. er nauðsynlegt að hefja framkvæmdina sem fyrst og vísar til framangreindrar lagaskyldu sem á fyrirtækinu hvílir varðandi uppbyggingu og rekstur flutningskerfisins og þess að þörfin fyrir Suðurnesjalínu 2 er aðkallandi. Er því óskað eftir því að framkvæmdaleyfi verði veitt við fyrsta tækifæri.

Ef óskað er frekari upplýsinga eða aðstoðar þá vinsamlegast hafið samband við Þórð Bogason hrl. hjá Lögmonnum Höfðabakka eða Ólaf Árnason hjá EFLU.

Virðingarfyllt,

f.h. Landsnets hf.

  
Þórður Guðmundsson  
forstjóri